

I EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA
3. EFTA-dómstóllinn

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

96/EES/35/01	Upphaf málsmeðferðar - (Mál nr. IV/M.709 - Telefónica/Sogecable/Cablevisión)	01
96/EES/35/02	Upphaf málsmeðferðar - (Mál nr. IV/M.774 - Saint-Gobain/Wacker-Chemie/NOM)	01
96/EES/35/03	Upphaf málsmeðferðar - (Mál nr. IV/M.784 - Kesko/Tuko)	02
96/EES/35/04	Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram - (Mál nr. IV/M.706 - GEC Alsthom NV/AEG)	02
96/EES/35/05	Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram - (Mál nr. IV/M.762 - Cegelec/AEG II)	03
96/EES/35/06	Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram - (Mál nr. IV/M.788 - AgrEvo-Marubeni)	04
96/EES/35/07	Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram - (Mál nr. IV/M.804 - Auchan/Pão de Açúcar)	04

96/EES/35/08	Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram - (Mál nr. IV/M.811 - Creditanstalt-Bankverein/Treibacher)	05
96/EES/35/09	Tilkynning um staðlaðan samning um dreifingu á bifreiðum - (Mál nr. IV/35.906 - MC Micro Compact Car AG/ýmsir dreifiaðilar)	06
96/EES/35/10	Tilkynning um nytjaleyfissamning vegna útsendinga frá hollenskum knattspyrnuleikjum - (Mál nr. IV/36.033 - KNVB/Sport 7)	06
96/EES/35/11	Tilkynning um staðlaðan samning varðandi þjónustuverkstæði í bifreiðageiranum - (Mál nr. IV/36.101 - Ford)	07

3. Dómstóllinn

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Upphaf málsmeðferðar (Mál nr. IV/M.709 - Telefónica/Sogecable/Cablevisión)

96/EES/35/01

Framkvæmdastjórnin ákvað 19. 7. 1996 að hefja málsmeðferð í framannefndu máli eftir að athugun leiddi í ljós að verulegur vafi leikur á að samfylkingin sem tilkynnt var um samræmist hinum sameiginlega markaði. Upphaf málsmeðferðar felur í sér annað stig rannsóknar á tilkynntri samfylkingu. Ákvörðunin grundvallast á c-lið, 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89.

Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða samfylkingu á framfæri við sig.

Til að hægt sé að taka fullt tillit til athugasemda verða þær að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en 15 dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 228, 7. 8. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar með bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.709 - Telefónica/Sogecable/Cablevisión, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B-Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

Upphaf málsmeðferðar (Mál nr. IV/M.774 - Saint-Gobain/Wacker-Chemie/NOM)

96/EES/35/02

Framkvæmdastjórnin ákvað 31. 7. 1996 að hefja málsmeðferð í framannefndu máli eftir að athugun leiddi í ljós að verulegur vafi leikur á að samfylkingin sem tilkynnt var um samræmist hinum sameiginlega markaði. Upphaf málsmeðferðar felur í sér annað stig rannsóknar á tilkynntri samfylkingu. Ákvörðunin grundvallast á c-lið, 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89.

Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða samfylkingu á framfæri við sig.

Til að hægt sé að taka fullt tillit til athugasemda verða þær að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en 15 dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 230, 9. 8. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar með bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.774 - Saint-Gobain/Wacker-Chemie/NOM, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B-Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

**Upphaf málsmeðferðar
(Mál nr. IV/M.784 - Kesko/Tuko)**

96/EES/35/03

Framkvæmdastjórnin ákvað 26. 7. 1996 að hefja málsmeðferð í framannefndu máli eftir að athugun leiddi í ljós að verulegur vafi leikur á að samfylkingin sem tilkynnt var um samræmist hinum sameiginlega markaði. Upphaf málsmeðferðar felur í sér annað stig rannsóknar á tilkynntri samfylkingu. Ákvörðunin grundvallast á c-lið, 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89.

Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða samfylkingu á framfæri við sig.

Til að hægt sé að taka fullt tillit til athugasemda verða þær að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en 15 dögum eftir þessa birtingu í Stjttíð. EB nr. C 230, 9. 8. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar með bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.784 - Kesko/Tuko, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B-Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram
(Mál nr. IV/M.706 - GEC Alsthom NV/AEG)**

96/EES/35/04

1. Framkvæmdastjórninni barst 31. 7. 1996 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækið GEC Alsthom NV, í sameiginlegri eigu General Electric Company, p.l.c. og Alcatel Alsthom CGE, öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins heildaryfirráð yfir AEG T&D, í eigu AEG Aktiengesellschaft sem er að meirihluta til í eigu Daimler-Benz AG, með hlutabréfakaupum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - GEC Alsthom NV: orkuframleiðsla (bygging og rekstur orkuvera), búnaður til orkuflutnings og orkudreifingar (einkum framleiðsla á rofbúnaði og spennubreytum), flutningastarfsemi (framleiðsla á járnbrautarfarartækjum á hjólum og merkja- og sjálfvirknibúnaði), búnaður fyrir iðnað og sjávarútveg.
 - AEG T&D: búnaður til orkuflutnings og orkudreifingar.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjttíð. EB nr. C 229, 8. 8. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar með bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.706 - GEC Alsthom NV/AEG, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B-Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

(1) Stjttíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjttíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

ÍSLÆNSK ÚTGAFA

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram
(Mál nr. IV/M.762 - Cegelec/AEG II)**

96/EES/35/05

1. Framkvæmdastjórninni barst 30. 7. 1996 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækið Cegelec S.A., sem tilheyrir Alcatel Alsthom samstæðunni, öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins heildaryfirráð yfir AEG AAT, sem tilheyrir AEG, dótturfyrirtæki Daimler-Benz með 96% eignarhluta, með hlutabréfakaupum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Cegelec: verktakastarfsemi, verkfræði- og kerfissamhæfing á sviði raforku og stýrikerfa, framleiðslueftirlit í iðnaði,
 - AEG AAT: verksmiðjusjálfvirkni og vörudreifing, framleiðslutækni og umhverfiskerfi, skipulagsgerð og samhæfð þjónusta, hugbúnaður og hugbúnaðarkerfi.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtíð. EB nr. C 228, 7. 8. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar með bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.762 - Cegelec/AEG II, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B-Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram
(Mál nr. IV/M.788 - AgrEvo-Marubeni)**

96/EES/35/06

1. Framkvæmdastjórninni barst 1. 8. 1996 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem Marubeni Corporation („Marubeni“) og Hoechst Schering AgrEvo GmbH („AgrEvo“) öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yfirráð yfir fyrirtæki um sameiginlegt verkefni sem mun heita Marubeni AgrEvo Holding B.V.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Marubeni: japanskt fyrirtæki á sviði almennra viðskipta sem annast ýmsa starfsemi um allan heim, þar á meðal innflutnings- og útflutningsstarfsemi,
 - AgrEvo: þýskt fyrirtæki sem starfar á sviði uppskeru- og umhverfisverndar um allan heim.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 229, 8. 8. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar með bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.788 - AgrEvo/Marubeni, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B-Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram
(Mál nr. IV/M.804 - Auchan/Pão de Açúcar)**

96/EES/35/07

1. Framkvæmdastjórninni barst 26. 7. 1996 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækið Auchan öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins heildaryfirráð yfir “Pão de Açúcar, Companhia Ibérica de Distribuição (SGPS), S.A.” með hlutabréfakaupum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - PDA: smásala á matvælum, einkum í Portúgal og á Spáni,
 - Auchan: smásala á matvælum, einkum í Frakklandi og á Spáni.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

ÍSLÆNSK ÚTGAFA

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 226, 3. 8. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar með bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.804 - Auchan/Pão de Açúcar, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B-Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram
(Mál nr. IV/M.811 - Creditanstalt-Bankverein/Treibacher)**

96/EES/35/08

1. Framkvæmdastjórninni barst 26. 7. 1996 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækin Creditanstalt-Bankverein AG (A) og Treibacher Schleifmittel AG (A), undir yfirráðum Wienberger Baustoffindustrie AG (A), öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yfirráð yfir fyrirtækinu Korund Laufenberg GmbH (D), sem sér um viðskiptastarfsemi H.C. Starck GmbH & Co KG á sviði kórúnda (brætt áloxíð), þar með taldir sirkóníum kórúnda, með hlutabréfakaupum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Creditanstalt-Bankverein AG: lánastofnun, verslun og viðskipti, hagsmunir í iðnfyrirtækjum,
 - Treibacher Schleifmittel AG: framleiðsla og sala á kórúndum til notkunar í svarfefni, torunnin efni og annan iðnvarning,
 - Korund Laufenberg GmbH: framleiðsla og sala á kórúndum og sirkóníum kórúndum til notkunar í svarfefni, torunnin efni og annan iðnvarning.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 226, 3. 8. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar með bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.811 - Creditanstalt-Bankverein/Treibacher, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B-Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

96/EES/35/09

Tilkynning um staðlaðan samning um dreifingu á bifreiðum
(Mál nr. IV/35.906 - MC Micro Compact Car AG/ýmsir dreifiaðilar)

1. Þann 13. júní 1996 barst framkvæmdastjórninni tilkynning, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62⁽¹⁾, frá MC Micro Compact Car AG, Biel (Sviss). Hluthafar í MC Micro Compact Car AG eru Mercedes-Benz AG, Stuttgart, sem er hluti af Daimler-Benz AG samstæðunni, (51%) og SMH AG, Sviss (49%). Tilkynningin fjallar um staðlaðan dreifingarsamning milli MC Micro Compact Car AG og ýmissa dreifiaðila um einkadreifingu á SMART-kerfinu. Kerfið tekur til nýrrar gerðar lítills tveggja sæta ökutækis sem gengur undir heitinu SMART, ásamt viðgerðarþjónustu og annarrar þjónustu, þar með talin fjármálaþjónusta, færanlegar einingar, samvinna um kaupleigu, tilboð varðandi ökutækjafloa, bílastæðistilboð, svo kallaðir „care-free“-pakkar (þjónusta sem tengist færanleika), svo og kerfi varðandi umferðarskipulag og umferðarstjórn.
2. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samningarnir sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins nr. 17/62.
3. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en 10 dögum eftir þessa birtingu í Stjtíð. EB nr. C 230, 9.8.1996. Athugasemdir er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar með bréfasíma (nr. +32 2 296 98 00) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/35.906, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
 Directorate-General for Competition (DG IV)
 Directorate F-2
 Office 01/057
 Avenue de Cortenberg 150
 B-1049 Brussels

96/EES/35/10

Tilkynning um nytjaleyfissamning vegna útsendinga frá
hollenskum knattspyrnuleikjum
(Mál nr. IV/36.033 - KNVB/Sport 7)

Þann 25. júní 1996 sendu Koninklijke Nederlandsche Voetbal Bond (KNVB) og verkefnasamtökin Sport 7 framkvæmdastjórninni réttindasamning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62, en þessir aðilar höfðu áður tilkynnt framkvæmdastjórninni um undirbúningssamninga. KNVB veitir, samkvæmt réttindasamningnum, Sport 7 einkarétt á að nýta réttinn til upptöku og sjónvarpsútsendinga, einkum frá tilteknum knattspyrnuleikjum í PTT Telecompetitie (úrvalsdeild), Eerste Divisie (fyrsta deild) og Amstel Cup (FA Cup) svo og öðrum knattspyrnuleikjum. Leyfið felur hvorki í sér heimild til hljóðvarpsútsendinga, né heldur rétt til sjónvarpsútsendinga gegn áhorfsgreiðslu (pay-per-view) eða myndbandasýninga samkvæmt eftirspurn (near video-on-demand). Samningurinn gildir í sjö ár.

Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samningurinn sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins nr. 17/62. Framkvæmdastjórnin sér fram á að nauðsynlegt gæti orðið að leggja skyldur á samningsaðila, þar með talið kröfu um skýra stefnu varðandi nytjaleyfi sem yrði kunn útsendingaraðilum sem eiga hagsmuna að gæta og gildi um þá alla.

Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

⁽¹⁾ Stjtíð. EB nr. 13, 21.2.1962, bls. 204.

ÍSLÆNSK ÚTGAFA

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 228, 7. 8. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar með bréfasíma (nr. +32 2 296 98 04) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/36.033, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B-Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

**Tilkynning um staðlaðan samning varðandi
þjónustuverkstæði í bifreiðageiranum
(Mál nr. IV/36.101 - Ford)**

96/EES/35/11

Þann 27. júní 1996 barst framkvæmdastjórninni tilkynning um fyrirhugaðan staðlaðan samning um þjónustuverkstæði, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62⁽¹⁾, frá tilteknum evrópskum fyrirtækjum í eignartengslum við Ford Motor Company (Ford). Um er að ræða staðlaðan samning, sem ekki er einkasamningur, milli helstu dreifiaðila Ford og þjónustuverkstæða. Ford er frumkvöðull þessa samnings sem er hluti af endurskipulagningu dreifikerfis Ford í Evrópu og felur í sér að starfandi dreifiaðilar Ford, sem að mestu leyti veita viðhaldsþjónustu og einungis lágmarkssölupjónustu, verða sameinaðir helstu dreifiaðilum Ford og gerðir að þjónustuverkstæðum. Ford-fyrirtækið hefur í hyggju að koma samningnum í framkvæmd alls staðar á svæði Evrópusambandsins nema í Breska konungsríkinu.

Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að staðlaði samningurinn sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins nr. 17/62.

Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en 10 dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 227, 6.8.1996. Athugasemdir er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar með bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/36.101, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate F
Office 1/57
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. 13, 21.2.1962, bls. 204.